

## Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

### Desember 2016 og Janúar 2017

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarstjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

#### Frá sveitarstjóra – Andrea K. Jónsdóttir

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í desember:

Desember byrjaði með ferð suður til Reykjavíkur á fund hjá Sambandi sveitarfélaga sem haldinn var á Nordica um kjarasamning kennara. Gagnlegur fundur og vinna framundan sem sveitarfélög þurfa að fara í til að uppfylla kröfur samnings og bókana sem honum fylgja. Ég fundaði með Sesselju Árnadóttur hjá KPMG vegna stjórnarsýsluskoðunar sveitarfélagsins sem gerð er árlega í tengslum við árreikningagerð, góð yfirferð og gagnleg þar sem fram koma ábendingar um það sem betur má fara auk þess sem staðfesting fæst á því sem úr hefur verið bætt og vel er gert. Töluverð fundarhöld hafa verið í tengslum við AtVest og BsVest þar sem ég fer með formennsku. Umrót á báðum stöðum og mikil vinna sem því fylgir. Þessir fundir fara ýmist fram í síma eða Skype eða þar sem við erum saman á fundarstað, þá gjarnan í tengslum við aðra fundi. Haft er að leiðarljósi að spara tíma og akstur. Svæðisskipulagsnefnd fundaði í desember, þeir fundir þar sem nefndir fundar fara fram í gegnum GoToMeeting fjarfundforrit þar sem fundarmenn eru bæði í hljóð og mynd auk þess sem unnið er með glærur á skjá. Þetta kerfi er afar heppilegt en er því háð að sá sem býður til fundarins hafi keypt aðgang að kerfinu. Í desember var lögð lokahönd á fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 og hún samþykkt. Í kjölfarið var fundað með forstöðumönnum sviða og formönnum nefnda þar sem fjárhagáætlun var kynnt. Tímaröðum framkvæmda er ekki að fullu unnin en til stendur að hafa fund með sveitarstjórn til að raða niður verkefnum í tímaröð. Fundað var um verkefni „Samfelldur dagur barnsins“ þar sem saman komu auk mín, formaður FRÆ nefndar, skólastjóri grunnskóla og tólmstundafulltrúi. Ákveðið var að taka saman frekari gögn, m.a. frá skólastjóra og leikskólastjóra auk þess sem FRÆ nefnd myndi funda um málið og síðan yrði vinnufundur um málið í febrúar. Aðalfundur Fiskmarkaðar Hólmavíkur fór fram í desember þar sem ársreikningur 2015 var samþykktur. Árið var gert upp með tapi sem skýrist af framkvæmd í vinnslusal – fjárfestingu. Ég fundaði með Þorbjörgu Helgu hjá fyrirtækinu Tröppu í tengslum við þörf okkar á þjónustu fræðslustjóra til að styðja við skólustarf og skólamál í sveitarfélaginu. Trappa býður upp á slíka þjónustu. Að venju var tíminn á milli jóla og nýárs afar rólegur.

Janúar var nokkuð sérstakur að því leiti að skrifstofustjóri var í leyfi janúar og ég var í fríi í tvær vikur. Auk þess sinnti félagsmálastjóri störfum sínum úr Kópavoginum að miklu leyti á þessum tíma, nýttist sá tími vel í hennar störfum enda bæði verkefni, fundir og ráðstefnur sem hún þurfti að sinna á þessum tíma. Skrifstofan var því fremur fámenn um tveggja vikna skeið. Á móti kom að tólmstundafulltrúi sem hefur verið í leyfi kom aftur til starfa um miðjan mánuð auk þess sem tólmstundafulltrúi sem sinnti afleysingum verður við störf fram að töku fæðingarorlofs og voru því tveir tólmstundafulltrúar að störfum frá miðjum janúar. Í byrjun janúar fundaði ég ásamt formanni fræðslunefndar og skólastjóra með kennurum í grunnskólanum í tengslum við Bókun 1 í kjarasamningi sveitarfélaga og KÍ. Var sá fundur afar góður að mínu mati og í kjölfar þess var komið á fundi milli skólastjóra, kennara og formanns fræðslunefndar með fyrirtækinu Tröppu í tengslum við þjónustu fræðslustjóra en Trappa getur boðið upp á slíka þjónustu. Verkefnið Ísland ljóstengt tók mikinn tíma í undirbúningi og vinnslu þessa fyrstu daga í janúar þar sem upplýsingum var safnað og rætt var við ráðgjafa í þeim efnum. Þegar ég fór í frí tók Jón Gísli yfir þá vinnu og hefur sent inn umsóknir fyrir okkar hönd og fylgt vinnunni eftir. Ég fékk illa í bakið milli jóla og nýárs og var frá vinnu í tvo daga af þeim sökum á þeim tíma auk þess sem vandinn fylgdi mér í fríð og tók sinn toll þar. Fyrsta virka dag eftir heimkomu komst ég til sjúkrahjúfa og kom ég því ekki aftur norður fyrr en þriðjudaginn 24. Janúar. Mánudagurinn nýttist hinsvegar í skypefundarhöld með BsVest og vinnu í tengslum við það auk þess sem ég gat nýtt tímann í að hefja yfirferð yfir tölvupósta sem höfðu borist meðan ég var í frí og hélt sú vinna áfram fram í vikuna. 25. Janúar var fundur í samráðsvettvangi sveitarfélaga á Vestfjörðum á Café Riis auk þess sem á undan fundaði BsVest með framkvæmdastjórum sveitarfélaganna. Þann 26. fundaði ég með skólastjóra og formann FRÆ nefndar varðandi umbótaáætlun sem skólinn fór í eftir úttekt sem gerð

var árið 2011 eða 2012 í tíð fyrrum skólastjóra og sveitarstjóra. Þessari vinnu er í raun löngu lokið en við höfum sennilega ekki svarað nægilega skýrt til ráðuneytisins um að svo sé auk þess sem ráðuneytið vildi einnig fá álit sveitarstjórnar á því hvernig umbætur hefðu tekist til. Það er nú komið í ferli. Þá fundaði ég með sveitarstjórn í tengslum við Ísland Ljóstengt verkefnið og framgang þess en Jón Gísli tók, eins og áður sagði, við því verkefni þegar ég fór í frí og hefur fylgt því eftir. Á þeim fundi voru fleiri málefni voru rædd sem snúa að málefnum og rekstri sveitarfélagsins, gott að nýta tækifærið þegar sveitarstjórn kemur öll saman til þess. Ég fékk ákúru fyrir það að hafa ekki upplýst nægjanlega vel um fjarveru mína og annarra starfsmanna hér á skrifstofunni í janúar og finnst mér það mjög miður og mun fara yfir það hvernig tilkynnt er um fjarveru hér eftir og hugsanlega þarf að fara betur yfir skipulag viðveru/fjarveru almennt. Hingað til höfum við leyst þetta okkar á milli og tryggt að verkefni séu unnin eða upplýst um hvert má leyta eftir upplýsingum/þjónustu.

Febrúar hefur byrjað nokkuð skemmtilega. Ég tók að mér að vera umsjónarmaður dreifnámsins tvo fyrstu daga mánaðarins í samstarfi við dóttur mína, en það fólst í því að ég sá um að opna og loka húsnæði dreifnámsins auk þess sem nemendum gafst kostur á að húa í mig ef á þyrfti að halda. Dóttir mín sá um að sitja yfir tveimur prófum fyrri daginn. Það er gleðilegt og gott að geta orðið að liði þegar á þarf að halda enda er dreifnámið mikilvægt fyrir sveitarfélagið. Ég fékk svo að sinna dómarastörfum á söngvakeppni SamVest fimmtudaginn 2. febrúar og föstudaginn 3. febrúar mætti ég ásamt góðum hópi héðan úr Strandabyggð til að vera viðstödd athöfn og verðlaunaafhendingu Landsbyggðarvina þar sem tveir nemendur úr grunnskólanum hér á Hólmvík unnu til 1. Og 2. Verðlauna í keppni á þeirra vegum. Var þetta mjög skemmtilegt og ánægjuleg stund. 7. Febrúar kom sveitarstjórn saman ásamt mér og Salbjörgu þar sem farið var yfir niðurröðun verkefna í framkvæmdaáætlun 2017. Framundan eru ýmsir fundir, svo sem í ADH nefnd þar sem ég er starfsmaður, fundað verður um samfelldan dag barnsins, kynning verður í Hnyðju á verkefnum grunnskólanema í tengslum við Landsbyggðavinir, sveitarstjórnarfundur á hefðbundnum tíma, auk ýmissra verkefna sem til falla innan um hefðbundin störf. Ég er ekki skráð í nein frí í febrúar en alltaf má búast við ferðum og fjarveru vegna funda sem þarf að sækja fyrir hönd sveitarfélagsins. Skrifstofan er opin alla virka daga milli kl. 10:00 og 14:00 en við erum hér í húsi á hefðbundnum vinnutíma á bilinu milli 8 og 17 flesta daga. Auk þess er ávallt hægt að senda okkur póst og sé þörf á er alltaf hægt að ná í mig í síma, allar upplýsingar um mig eru í símaskrá.

---

#### Frá forstöðumanni áhaldahúss – Sigurður M Þorvaldsson

Desember hefur verið frekar rólegur ekki komu á land nema 77 tonn í desember, veðrið hefur s.s. ekki verið mjög heppilegt fyrir sjómennsku. En á árinu 2016 komu á land 2.042 tonn sem flokkast svona:

- Þorskfisknet: 68 tonn
- Grásleppunet: 222 tonn
- Rækjuvarpa: 83 tonn
- Landbeitt lína: 935 tonn
- Handfæri: 270 tonn
- Flutningaskip: 464 tonn
- Fjöldi landana eru um 754

Flutningabílar komu einnig með rækju sem er öll vigtuð á hafnarvoginni og voru það um 3.131 tonn þ.e. 125 gámar.

Aðeins var um bilanir í íþróttarhúsinu sem við vorum með Birnu í að gera við.

Þá sprakk rör fyrir hitann í félagsheimilinu.

Ekki hefur snjóað mikið í desember en aðeins hefur þurft að sanda og salta.

Í janúar komu á land um 112 tonn allt á línu eins komu nokkrir bílar með rækju. Við höfum verið að taka dót úr félagsheimilinu vegna flutnings á leikfélaginu upp á loft og er ætlunin að félagsmiðstöðin fari niður í kjallara eftir endurbætur. Eins höfum við verið í smá lagfæringum þar.

17. janúar kom fólk frá Vís og var með fund í Hnyðju um tryggingamál og stefnan hjá þeim er að koma aftur og hitta forstöðumenn í sambandi við forvarnir við eldhættur og fleira.

Smá bilun var í klórdælu í þróttarmiðstöð.

Annars hefur janúar verið rólegur fyrir utan þessu venjubundin verk söndun og söltun ásamt smá lagfæringum hér og þar. Eins höfum við verið að leyta að bíl fyrir áhaldahúsið og fannst einn sem var keyptur nú í byrjun febrúar.

---

Frá skrifstofustjóra - Salbjörg Engilbertsdóttir

### Desember

Mest var unnið í bókhaldi í desember og undirbúningi fyrir innleiðingu á nýju bókhaldskerfi í desember. Jólagjafir til starfsmanna voru afgreiddar og unnið í launum samkvæmt venju. Ég reyndi að vinna mér í haginn að mestu þar sem ég var í veikindaleyfi í janúar.

### Janúar

Veikindaleyfi 2.-30.jan en vann þó 14 klst við skil á launamiðum, staðgreiðslu og fleira. Mætt til vinnu aftur endurnærð mánudaginn 30.jan.

Framundan er að vinna upp það sem ég gerði ekki í veikindaleyfinu, klára að færa bókhald 2016

### Félagsheimili

Nokkrir viðburðir voru í desember, föndur, jólabingó, litlu jól grunnskólans og afmælisveisla. Í janúar var haldið landsþing ungmennahúsa og og þorablót var haldið í lok janúar. Leikfélag Hólmavíkur mun nú í febrúar færa búnað sinn upp á 3ju hæð og losa kjallarann en til stendur að koma honum í notkun á ný undir félagsstarf ungmenna og skjólaskjól ásamt útleigu. Lýður Jónsson hefur unnið í sjálfboðastarfi við að tæma loftið en þar voru ýmsir munir í geymslu fyrir skólann m.a.

---

### Frá félagsmálastjóra – María Játvarðardóttir

2. desember var undirrituð með erindi á Afmælisráðstefnu Þroskahjálpar sem bar heitið „Að hugsa í lausnum“. Þar fór ég í stuttu máli yfir störf mín í málefnum fatlaðra hér á svæðinu.

Í desember voru fundir bæði í Barnaverndarnefnd og Velferðarnefnd.

Gengið var frá fjárhagsáætlun fyrir BsVest og og sveitarfélögin.

Önnur störf voru hefðbundin í barnavernd og almennri félagsþjónustu.

Undirrituð var í Kópavogi fyrstu 3 vikurnar í janúar og sinnti starfinu þaðan gegnum síma og tölvu. Ýmis störf gat ég unnið í Reykjavík sem ég hefði ekki gert ef ég hefði verið fyrir norðan svo sem að mæta með einum skjólstæðingi til læknis sem var gott. Mætti til Hólmavíkur 23. Janúar.

Verið er að breyta húsnæðisbótakerfinu og búa til nýjar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning sem þarf að leggja fyrir Velferðarnefnd.

Undirrituð situr regluelga teymisfundi með fötluðum börnum bæði á Hólmavík og Reykhólum ásamt því að sitja í Nemendaverndarráði á báðum stöðum. Einnig eru samskipti við grunnskólana á Drangnesi og Finnbogastöðum eftir þörfum.

Nokkur hreyfing er á starfsmönnum í heimaþjónustu og tekur sú vinna alltaf einhvern tíma.

Þetta er það helsta sem hægt er að segja frá úr starfinu þessa mánuði.

---

### Frá forstöðumanna Íþróttamiðstöðvar – Birna Karen Bjarkadóttir

- Jólaopnunin nýttist vel þetta árið og var mikil notkun á húsinu. 23.Desember-31.Desember fengum við alls 310 gesti í sund og í Flosaból. En það er fjölgun síðan í fyrra. Lokað var á Jóladaðag og nýársdag.
- 5. Janúar var skipt um loka fyrir pott 1. Potturinn var lokaður í nokkra daga vegna þess.

- Landsþing Ungmennahúsa var að hluta til haldið í íþróttamiðstöðinni helgina 20-22 janúar. En ungmennin komu saman í Íþróttamiðstöðinni bæði á föstudegi og laugardegi. Hópefli og allskyns leikir voru í salnum og heppnaðist helgin vel.
- Töluverðar rakaskemmdir eru við gólflistana inni báðum klefum. Við höfum byrjað á því að skrapa málninguna af veggjunum og í framhaldi verður málað.
- Í fyrra pantaði Hrafnhildur perur fyrir lýsingu í laugina og skiluðu sér aðeins 5/6 ljósum fyrir áramót. Seinasta peran var að koma í hús og á nú bara eftir að setja þær í. En sennilegast verður að hleypa aðeins úr lauginni við verknaðinn.
- Þann 30. Janúar mun Geilsinn bjóða uppá 4. Vikna námskeið í leikfimi. Lagt er áherslu á spennulosun, teygjur og þol. Kennari er Guðbjörg Ása Jóns Hulduóttir.
- Íþróttahátíð Grunnskólans var haldin 30. Janúar kl: 18:00. Hátíðin gekk yfir í tvær klukkustundir og allt gekk vel fyrir sig.
- 25. Janúar kom nemandi úr 9. Bekk Grunnskólans í starfskynningu í Íþróttamiðstöðinni. Gekk það mjög vel og var hann vitrari um sundlaugarvarðarstarfið í lok dags.
- Töluvert frost hefur verið í Janúar og í kjölfarið var sundlaugin lokuð í nokkra daga.

---

### Frá leikskólastjóra – Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir

Ágúst Þ. Jónsson byrjaði hjá okkur 5.des. og starfar í eldhúsi og við ræstingar. Ekki hefur enn tekist að ráða starfsmann í 100% starf, auglýsa þarf einu sinni enn.

Sara Jóhannsd. hefur verið hjá okkur frá 14.nóv. og verður fram að jólum. Sigfús Jónsson kemur til okkar í jólafríinu sínu og byrjar 15.des. og verður fram að áramótum.

Í lok nóvember og í desember er/var margt um að vera, Vanessuhátíð – þar sem safnað var fyrir styrktarbarninu okkar í Zimbabwe, jólaföndur með foreldrum, piparkökubakstur, jólarúntur- þar sem elstu börnin velja jólahús Hólmavíkur og veita viðurkenningu, kaffihúsa heimsókn - kakó og piparkökur á Riis, náttfata- og bíodagur, söngur þann 15.des í kaupfélaginu og jólaball þann 16.des.

Okkur til mikillar ánægju er vinnu við fyrsta áfanga viðbyggingar lokið og er hún eins og sagt er fokheld.

Samstarf leikskólanna í Húnavatnssýslum við Lækjarbrekku heldur áfram í þróunarverkefninu „Málproski og læsi – færni til framtíðar“ og er gaman að segja frá því að grunnskólar bæði í Austur og Vestur Húnavatnssýslum eru að byrja vinnu með sínum leikskólum. Þetta samstarf leikskólanna í sýslunum þremur er brautriðjendastarf þar sem fleiri en eitt sveitarfélag ráðast í svo stórt verkefni er viðkemur málproska og læsi barna frá byrjun leikskólagöngu.

Desember mánuður gekk vel fyrir sig og var margt til gamans gert. Dagatal var opnað ( í ipad) á hverjum morgni en þar var að finna t.d kakó í kaffitímanum, föndur, dans o.fl., vakti dagatalið mikla lukku hjá nemendum. Einnig var piparkökubakstur, kaffihúsa heimsókn og val á jólahúsi Hólmavíkur.

Jólahús Hólmavíkur, að mati elstu barna leikskólans, að þessu sinni var Kópnesbraut 23. Farið var upp í Grunnskólann og Völu afhent viðurkenningarskjal þess efnis.

Þann 17.jan. kl.17-19 var haldin fræðsla fyrir foreldra um þróunarverkefnið okkar, Málproski og læsi –færni til framtíðar. Fræðslunni stjórnaði Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur sem er umsjónaraðili verkefnisins og var fundurinn haldinn í Hnyðju.

Íris Jóhannsdóttir hefur verið ráðin í fullt starf á leikskólann. Hún kemur til með að vinna á Dvergakoti sem er eldri deild leikskólans.

Berglind Maríusdóttir fór þann 16.jan. í 6 vikna veikindarleyfi og verður Angantýr Ernir deildarstjóri í hennar fjarveru.

Steinunn hjá Starfsleikni heldur áfram að aðstoða okkur og kemur hún næst þann 27.janúar.

Dagur leikskólans var núna 6. Febrúar- boðið var uppá morgunverð fyrir foreldra og opið hús frá kl.9 – 11. Leikskólabörn eru með sýningu á verkum sínum í veitingasal Kaupfélagsins.

Steinunn frá Starfsleikni kom til okkar 27.jan. og fengum við góða útkomu hjá henni, vinnustaðagleði, samheldni og ánægja ásamt mörgu öðru einkenndi þennan flotta hóp starfsmanna. Er ég virkilega ánægð með þennan hóp sem hefur staðið sig með mikilli þryði þrátt fyrir manneklu meirihluta daganna sem liðnir eru af þessu starfsári.

Hjördís Inga Hjörleifsdóttir sérkennslustjóri er komin í fæðingarorlof og er verið að vinna í að finna afleysingu í hennar stað.

3. mars verður starfsdagur á leikskólanum og verður þá námskeið sem heitir „Lubbi finnur málbein“ fyrir starfsfólk leikskólans. Þar sem námskeið, sem þetta, er ekki á hverju strái og er kostnaðarsamt, ákvað leikskólastjóri að tala við grunnskólann á Hólmavík og grunn-og leikskólann á Reykhólum og athuga með vilja til þátttöku. Var vel tekið í þetta og verður námskeiðið haldið hér á Hólmavík.

Lubbi er hundur sem býður öllum börnum í ævintýraferð um Ísland þvert og endilangt í leit að 35 málbeinum sem hjálpa honum að læra íslensku máhljóðin, fljótt og vel. Hann býður jafnframt uppá að koma í Hljóðasmiðjuna sína til að æfa að tengja saman hljóðin og læra að lesa og skrifa um leið og hann.

Er þetta námskeið góð viðbót og tenging við þróunarverkefnið „Málþroski og læsi, - færni til framtíðar“ sem leikskólinn hefur verið þátttakandi í.

---

## **Frá skólastjóra Grunn- og Tónskólans – Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir**

Desember

Mánuðurinn hófst eins og nóvember endaði með vísindapemadögum þar sem skipulögð var fjölbreytt fræðsla tengd vísindum.

Jólatónleikar Tónskólans voru í kirkjunni 13. desember undir stjórn tónlistarkennara.

Eins og venjulega fór talsverður tími í að undirbúa leikin atriði fyrir Litlu jólin sem voru haldin fimmtudaginn 15. desember og tókust sérlega vel. Að góðri sýningu nemenda lokinni var dansað í kringum jólatréð og hljómsveitin Grunntónn flutti jólalögin. Hljómsveitin sú var að vanda skipuð starfsfólki Grunn- og Tónskólans. Mjög góð mæting foreldra og fjölskyldna nemenda skapaði mikla og góða stemmingu og skemmtunin heppnaðist eins og best má verða.

Að þessu sinni var skipulaginu breytt á þann veg að nemendur fengu meiri tíma með umsjónarkennurum sínum síðustu dagana í desember og þótti takast vel að hafa það þannig.

Janúar

Starf ársins 2017 hófst 2. janúar með starfsdegi kennara og annars starfsfólks. Þá mættu sveitarstjóri og formaður fræðslunefndar til fundar við grunnskólakennara vegna bókunar í kjarasamningi sem snýr að starfsumhverfi kennara í hverjum skóla.

Um miðjan janúar gerði flensan vart við sig í skólanum og var svo mögnuð í um vikutíma að þriðjung nemenda vantaði hvern dag.

Nemendur í 9. og 10. bekk fóru í iðnkynningu á Sauðárkróki helgina 20.-22. janúar. Að henni lokinni komu 9. bekkingar aftur heim en nemendur í 10. bekk héldu til Reykjavíkur í starfs- og skólakynningu í Reykjavík og á Akureyri vikuna 23.-27. janúar.

Nemendur í 9. bekk fóru svo í starfskynningu á heimaslóð 26. -27. janúar. Afar vel hefur verið tekið á móti nemendum í starfskynningu og er vert að þakka það.

Íþróttahátíð var haldin 30. janúar í íþróttamiðstöð. Þar léku nemendur og foreldrar sér í hinum ýmsu íþróttagreinum. Félagsmiðstöðin Ozon sá um veitingasölu. Ragnar Kristinn Bragason var valinn þróttamaður ársins 2016 í Strandabyggð og Friðrik Heiðar Vignisson var valinn efnilegasti ungi íþróttamaðurinn og afhenti formaður tómsunda, íþrótt og menningarmálanefndar þeim viðurkenningu.

Fulltrúar ráðgjafabjónustu Tröppu funduðu með skólustjóra, formanni fræðslunefndar og kennurum í grunnskólanum vegna möguleika á ráðgjöf og aðstoð við ýmis verkefni í skólanum. Auk þess voru að venju ýmsir teymisfundir, samráðsfundir, fundir nemendaverndarráðs skólustjóri sótti fræðslufund um tryggingamál í Hnyðju.

---

## Frá tómsundafulltrúa – Esthr og Íris

Esther kom aftur til starfa þann 13. janúar en þá minnkaði Íris sig niður í 50% stöðu og sinnir henni enn. Esther Skrifar þessa skýrslu svo allt efni hennar á við um það sem gerist eftir 13. janúar.

Eftirfarandi hefur verið á döfinni hjá Esther í janúar:

**Komast inn í starfið** – Þónokkur tími hefur farið í að koma mér inn í verkefni og spjalla um framgang mála við Írisi enda hefur ótrúlega margt verið í gangi í fjarveru minni og mörg stór verkefni í farvatninu. Samhliða þessu hef ég verið að æfa mig í að vinna minna á dagtíma til að mæta nauðsynlegri vinnu um kvöld og helgar og safna þannig ekki upp of miklu fríi.

**Landsþing ungmennahúsa** – Landsþing ungmennahúsa var haldið á Hólmavík 20.-22. janúar í kjölfar fundarhaldar stjórnar Samfés á Hólmavík. Ungmenni frá Akranesi, Kópavogi og Selfossi komu í heimsókn til okkar ásamt starfsmönnum yfir helgi. Þau gistu í grunnskólanum og unnu í félagsheimilinu. Haldnar voru smíðjur í glerlist og mannréttindamálum, Rauði Krossinn og Geðhjálpar voru með fræðslu um sjálfsvíg og sjálfsskaða og farið var í ýmsa hugmyndavinnu. Á landsþinginu sjálfu ræddu ungmennin þau mál sem brenna á þeim, flóttamál voru ofarlega á lista, búsetumál og landsbyggðin og ungt fólk, einnig var mikið rætt um möguleika ungmennahúsa og mikilvægi þeirra, enda væru þau eins konar sálfræðingar, og mun ódýrari. Næsta landsþing ungmennahúsa verður haldið snemma í haust, væntanlega á Akureyri. Kristín Lilja og Angantýr tóku þátt í þinginu fyrir hönd Fjóssins.

**SamVest** – Mikill tími hefur farið í að undirbúa SamVest, söngkeppni og ball fyrir unglunga í öllum félagsmiðstöðvum á Vesturlandi auk Reykhóla og Hólmavíkur sem fer fram í félagsheimilinu á Hólmavík þann 2. febrúar. Búist er við um 250 unglungum.

**Samfelldur dagur** – Hugmyndavinna og skýrsluskrif um samfelldan dag hafa verið fyrirferðarmikil. Fyrirhugaður er sameiginlegur fundur TÍM nefndar og fræðslunefndar, auk sveitarstjóra, fyrir sveitarstjórnarfund í febrúar. Vonandi verður þar komist að niðurstöðu um framhaldið svo að hægt sé að undirbúa starf næsta vetrar vandlega.

**Samsetning starfs** – Unnið hefur verið að hugmyndavinnu um breytingar á starfi tómsundafulltrúa og auknu samstarfi tómsundafulltrúa við íþróttamiðstöðina. Sveitarstjórn hefur fengið tillögurnar í sínar hendur.

**Breytingar í félagsheimili** – Tiltekt á lofti er lokið og félagsheimilið hefur sjaldan verið eins huggulegt. Leikfélagið áformar að flytja sig upp á loft um miðjan febrúar og þá er hægt að hefja framkvæmdir í kjallaranum. Beðið er eftir framkvæmdaráætlun sveitarstjórnar varðandi næstu skref.

**Íþróttahátíð** – Íþróttahátíð var frestað vegna veikinda en haldin þann 30. janúar. Þar sá tómsundafulltrúi um framkvæmd þess að útnefndur var íþróttamaður ársins og hvatningarverðlaun veitt. Auk þess voru samlokur og boozt til sölu til styrktar Ozon.

## Fastir liðir

**Ungmennaráð** – Fundaði 31. janúar síðastliðinn. Ungmennaráð hefur á huga á að skipuleggja ungmennaskiptaverkefni. Þau eru nú búin að hitta sína nefndarformenn og haldinn var fræsðlufundur um hlutverk þeirra í nefndum. Auk þess var skipulagt ungmennanæing þann 22. febrúar.

**TÍM nefnd** – Fundaði með Íris í janúar. Útnefning á íþróttamanni ársins og samfelldur dagur barnsins auk flutnings tómsundastarfs í félagsheimilið hafa verið stærstu verkefni.

**Ozon** – Opnanir eru á miðvikudagskvöldum. Vikulega hjá unglíngum og aðra hverja viku hjá miðstigi. Mikill hluti starfsins hefur farið í undirbúning SamVest.

**Félagsmálavali** – Í janúar hefur vorstarfið verið skipulagt. Mestur tíminn hefur farið í undirbúning tveggja stórra atriða fyrir SamVest auk viðburðarins í heild en unglíngarnir koma að öllum stigum skipulagningar. Lítil vinnufriður er í tímum í félagsmálavali og helgast það af truflunum starfsfólks grunnskólans.

**Foreldrahittingar** – Fastur liður í hádegínu á miðvikudögum. Mikil ánægja er með hittingana og augljóst að þörf er á þeim. Sem stendur mætir tómsundafulltrúi alltaf en hittingarnir eru mis sjálfbærir eftir foreldrahópnum hverju sinni. Karlmennt mæta ekki á hittingana og það er eitthvað sem þarf að skoða.

**Fjósið** – Fjósið hefur verið í lægð en töluvert er af ungu fólki í sveitarfélaginu sem hefur áhuga á að virkja starfið. Reynt var að koma á Þjóðleiksverkefni en því miður gekk það ekki eftir. Ungmennaráð vinnur nú að hugmyndavinnu varðandi Fjósið en það er töluvert erfitt að koma starfinu á koppinn án reglulegar starfsemi og utanumhalds starfsmanns.

**Skólaskjól** – Ákveðið hefur verið að hefja ekki starf Skólaskjól þetta starfsárið sökum skorts á starfsfólki og húsnæði. Þó er stöðugt unnið að stefnumótun og skipulagi á starfinu, til dæmis því hvernig best sé að ráða starfsfólk og hvernig haga eigi breytingum í félagsheimilinu.

## Verkefni í febrúar

**SamVest** – 2. febrúar í félagsheimilinu á Hólmavík. Búist er við 250 unglíngum. Viðburður að þessari stærðargráða þarnast töluvert utanumhalds en er á sama tíma gríðarlega gott tækifæri til reynslunáms. Einnig er um að ræða góða kynningu fyrir sveitarfélagið.

**Ungmennanæing Strandabyggðar** – Annað ungmennanæingið verður haldið í félagsheimilinu á Hólmavík þann 22. Febrúar. Ungmennaráð hefur skipulagt spennandi dagskrá þar sem gengið verður á milli stöðva og unnið að hugmyndum að því hvernig eigi að innréta og skipuleggja rými fyrir tómsundastarf í félagsheimilinu og hvernig starfinu þar ætti að háttta. Einnig verður farið í hópefli, skemmtistöðvar verða á leiðinni og boðið verður upp á pizzu. Björgunarsveitin hefur óskað eftir að kynna starfsemi sína á ungmennanæingi og verið er að skoða hvort hægt verði að koma því fyrir á dagskrá.

**Áætlun um framkvæmdir og starf í félagsheimilinu** – Um leið og framkvæmdaráætlun er komin frá sveitarstjórnþarf að skipuleggja breytingar í félagsheimili. Vonandi verður hægt að klára vinnu í kjallaranum fyrir sumarið og tilheyrandi vinnu í grunn- og leikskóla til að upphaf starfsins í haust gangi sem best fyrir sig.

**Skipulag sumarstarfs** – Nú liggur á að skipuleggja vinnuskóla og sumarnámskeið. Koma þarf því á hreint sem allra fyrst hvort hluti stuðningsfulltrúa við skólann séu ráðnir til vinnu allt árið og vanti því verkefni í sumar og hvort þeir starfi þá á tómsundasviði. Ef ekki þarf að auglýsa eftir starfsfólki hið fyrsta. Lagt er til að tómsundafulltrúi, skólastjóri og skrifstofustjóri setjist niður og finni út úr þessu í febrúar.

**Milljarður rís** – 17. febrúar verður viðburðurinn Milljarður rís í Hnyðju. Þá er fólk hvatt til að koma saman í hádegínu og dansa fyrir baráttu gegn kynbundnu ofbeldi. UNICEF stýrir verkefninu á landsvísu og í ár er dansað til minningar um Birnu.

**Fullorðinsíþróttir** – Í samstarfi við forstöðumann íþróttamiðstöðvar stendur til að koma á íþróttatímum kl 20:30 tímabundið. Um er að ræða tilraunaverkefni til að reyna að mæta þörfum hóps sem ekki getur mætt fyr um kvöld vegna umönnunar barna en langar samt að hitta aðra og taka þátt í skemmtilegri hreyfingu. Hugað verður sérstaklega að því að íþróttahúsið sinni báðum kynjum til jafns. Í tengslum við þessa tíma verður ekki í boði að nota búningasklefa. Með þeim hætti er hægt að bjóða upp á tíma seinna án þess að lengja vinnutíma starfsfólks íþróttamiðstöðvar.

**Kortlagning göngustíga og útivistasvæða** – Kortleggja þarf gönguleiðir, göngustíga og útivistasvæði í sveitarfélaginu og meta þörf á endurbótum og viðgerðum. Slík vinna þarf að eiga sér stað til að hægt sé að gera áætlanir um útivistasvæði sem og að skipuleggja vinnuskóla og störf SEEDS hópa.

**Lífshlaupið** – Tólmstundafulltrúi er liðsstjóri í Þróunarsetrinu og hvetur allar starfsstöðvar sveitarfélagsins til að taka virkan þátt í lífshlaupinu í febrúar.

### **Fastir liðir**

**TÍM nefnd** – Fundur TÍM nefndar og sameiginlegur fundur TÍM og fræðslunefndar verður haldinn 9. Febrúar og vinna þarf úr niðurstöðum þess fundar.

**Ungmennaráð** – Heldur utan um ungmennaning sem verður haldið 22. febrúar auk þess þarf að vinna úr niðurstöðum þess. Auk þess verður unnið áfram með hugmyndir um að taka þátt í ungmennaskiptum og styrkumsóknir þeim tengdum.

**Ozon** – Upphaf mánaðarins er alfarið helgað SamVest undirbúningi. Gistikvöld Ozon verður haldið 17. febrúar, í kjölfarið af vinakvöldi 15. febrúar. 22. febrúar fara unglíngarnir í heimsókn á Reykhóla. Jafnframt mun mikið púður í undirbúning fyrir Stíl 4. mars. Skoða þarf samstarf við nemendavernarráð, teymisfundi, félagsþjónustu og annað slíkt betur þar sem nemendum sem þurfa stuðning inn í félagsmiðstöðina eða gætu nýtt sér sértækt hópastarf fer stækkandi.

**Félagsmálaval** – Eftir annasaman tíma við undirbúning SamVest þar sem unglíngarnir munu þurfa að sinna töluverðri vinnu alla vikuna tekur við örlítið rólegri tími. Þennan tíma munum við nota til að fínþússa innra starf. Nánara skipulag á sjoppurekstri þarf að eiga sér stað, fara þarf yfir tæknibúnað og gara þarf áætlanir um tækjakaup og verslu n á annarri vöru. Jafnframt þarf að hefja undirbúning fyrir Samfestinginn 24.-26. mars.

**Foreldrahittingar** – Foreldrahittingar halda áfram. Eins og er eru foreldrar ekki að bjóða heim til sín og á meðan hittumst við í Fjósinu. Nú fer að fjölga nýfæddum börnum og viðbúið að hópurnir stækki, jafnframt þarf að skoða leiðir til að virkja feðurna.

**Fjósið** – Töluverður fjöldi ungs fólks býr nú í sveitarfélaginu og þar á meðal mikla félagsverur og leiðtogar. Á döfinni er að leita leiða til að virkja þessa einstaklinga til að efla starfið.

**Samfelldur dagur** – Vinna þarf áfram að því að koma verkefninu í framkvæmd og í febrúar mun vonandi liggja fyrir skýr ákvörðun um framhaldið. Mikilvægt er að vel sé haldið utan um þetta verkefni og þess gætt að úr verði rými sem raunverulega má nýta til margs konar þjónustu við börnin í sveitarfélaginu, til að það verði að veruleika verður að vera möguleiki á að nýta önnur rými hússins en það sem nú er geymsla leikfélagsins í góðu samstarfi. Ómögulegt verður að koma fyrir salerni, anddyri, salerni fyrir hreyfihamlaða, ræstikompu og skrifstofu inni í þessu litla rými ef þar á líka að vera rými fyrir allt starf Skólaskjól, Ozon og Fjóssins.

### **Lokaorð**

Ég er mjög spennt að vera komin aftur til starfa og takast á við krefjandi verkefni í síauknu samstarfi. Það hafa verið mikil forréttindi að hafa fengið að vinna með Írisi enda hefur janúar verið ótrúlega annasamur og hefði aldrei gengið upp með eina manneskju í starfi.

---



## Frá Slökkviliðsstjóra – Einar Indriðason

Helstu verkefni í desember voru, árleg heimsókn slökkviliðsmanna til eldri borgara, en slökkviliðið hefur undanfarin ár boðið eldri borgurum að skipta um rafhlöður í reykskynjurum fyrir jólin og einnig að koma slökkvitækjum í yfirhalningu ef þess er óskað, þetta verkefni er í samstarfi við Aðgát Brunavarnir hér á staðnum sem skaffar rafhlöðurnar og kemur tækjunum aftur til eigenda að viðgerð lokinni. Slökkviliðsstjóri gaf nokkrar umsagnir um tækifærisleyfi, svaraði póstum og einnig voru einhverjir tímar í vinnu í stöðinni.

4. jan. fór að Kirkjubóli í úttekt og gaf umsögn. Svaraði póstum, vann í stöð, gaf út tækifærisleyfi og hefðbundið einhver símtöl.